

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

September 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í ágúst:

Fundað með dreifnámsstjóra og formanni fræðslunefndar til að skoða ýmsa möguleika á t.d. samvinnu, nýtingu á húsnæði ofl sem gæti styrkt starfssemina. Fundað með Dala- og Reykhólamönnum vegna möguleika á frekara samstarfi sveitarfélaganna á ýmsum sviðum. Var í fríi frá 11. – 22. september, átti á þeim tíma stjórnarfund með BsVest. Einnig vinnufund á vegum AtVest með undirbúningsstjórn vegna Vestfjarðarstofu, þar er mikið vinna í gangi. Einnig vinna við pósta ofl. Töluverður tími fer í bæði AtVest/Vestfjarðarstofu sem og BsVest og hugmyndir Ísafjarðarbæjar um breytt skipulag á þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Var varaforseti á fjórðungsþingi Vestfirðinga sem heldið var í Reykjanesi 29. – 30. september og leysti forseta af þegar hann þurfti frá að hverfa seinnipart fyrri þingdags. Fundarhöld og vinna vegna fjárhagsáætlunar.

Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Í september komu á land um 80 tonn og er það heldur minna en í fyrra og fiskeríið hefur ekki verið nógu gott svo að við höfum ekki fengið 2 aðkomubáta sem ætluðu að byrja að landa hjá okkur í byrjun sept, en vonandi fer það að skána svo við fáum þá til okkar.

Búið er að flytja inni félagsheimilið og eru börnin hæst ánægð með aðstöðuna, eins er búið að setja upp hillur og læsta skápa í félagsheimilið undir sápur og efni.

Gerðar voru klárar 10 tölvur fyrir nemendur rétt fyrir samræmduprófin og er von á manni frá Fjölnet 10.

Okt til að klára að fara yfir netið og tengingar í skólanum. Einnig er komin leikvallaperla undir nýju klifurgrindina á skólavellinum og á þá einungis eftir að setja leikvallaperlu undir kastalan svo verður vonandi gert meira á næsta ári.

Enn bíðum við eftir að fá gröfu í vinnu svo það sem bíður okkar er að setja niður brunahana, ljósastaura og vinna á Borgarbraut.

Frá forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

Mánaðarskýrsla September

September mánuður hefur gengið vel fyrir sig, samfellan hefur gengið vel upp og mikil samvinna hefur verið á milli tólmstundafulltrúa og skólastjóra. Samskipti á milli þessa sviða hefur aukist og er það mjög jákvætt.

Tjaldsvæði hefur verið opið allan Septembarmánuð og stefnt er á að hafa opið einhvað fram í október eða eins og veður leyfir.

Þann 23. September var samspil Vestra í körfubolta hjá 10. Flokk karla. Spilaðir voru 2 leikir, fyrir og eftir hádegi.

Angantýr Ernir hefur sagt upp störfum við Íþróttamiðstöðina, við þökkum honum fyrir samstarfið og óskum honum góðs gengis með framhaldið. Búið er að auglýsa í hans stað og er umsóknarfrestur til 30. September.

Þann 26. September kom forseti ÍSÍ Lárus Blöndal og hans fylgdarlið í heimsókn. Þau skoðuðu íþróttamannvirki Strandabyggðar. Golfskálann, Skíðaskálann í Selárdal og Íþróttamiðstöðina.

Vinnueftirlit kom og tóku þeir út ketilhús, ekki voru gerðar neinar athugasemdir.

Egill pípari tók út kjallara og mun hann skila af sér skýrslu í sambandi við úrbætur þar.

Barnalaug hefur verið biluð seinustu 2 vikur, en búið er að fá varahluti og er hún komin í lag aftur.

Búið er að panta varahluti í ljós í sundlaugina. Og beðið er eftir þeim.

Ég er með augastað á tækjum fyrir Flosaból í líkamsræktarstöðinni á Ísafirði. En þeir eru að hætta með stöðina sína og erum við ofarlega á lista að fá að kaupa tæki af þeim. Eigandi líkamsræktarstöðvarinnar ætlar að hafa samband á næstu dögum.

Frá skólastjóra grunnskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Vanda Sigurgeirsdóttir lektor við Háskóla Íslands og sérfræðingur í eineltismálum heimsótti skólann dagana 5. og 6. september og var með fræðslu fyrir nemendur á þremur stigum, fræðslu fyrir starfsfólk skóla, íþróttá og tólmstunda

og með fræðslu fyrir foreldra í Hnyðju. Vanda lét starfsfólki í té verkfæri til að greina félagslega stöðu nemenda og í framhaldi af því að vinna gegn einelti og slæmum samskiptum á fyrirbyggjandi hátt.

Starfsmenn greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og jöfnunarsjóðs sveitarfélaga komu 12. september og framkvæmdu mat á stuðningsþörf fyrir fötluð börn í skólanum eftir samræmdu matskerfi SIS-C.

Guja Dögg Hauksdóttir og María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir frá List fyrir alla komu með verkefnið Gull og grjót á skólalóðinni fyrir 2. – 8. bekk þar sem fjallað var um hönnun og list.

Samræmd próf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir nemendur í 7. bekk dagana 21. og 22. september og fyrir nemendur í 4. bekk dagana 28. og 29. Framkvæmd prófanna í skólanum gekk hnökralaust fyrir sig.

Verkefnið Göngum í skólann stendur yfir vikuna 27. sept – 4. okt. Gert er ráð fyrir lokahátíð verkefnisins 4. október og lögð áhersla á að fá fólk í samfélaginu til þátttöku.

Umsjónarkennarar í þremur bekkjardeildum, 2. – 10. bekk héldu kynningarfundi fyrir foreldra í síðustu viku september og voru þeir vel sóttir. Auk þess fengu foreldrar kynningu sérkennara á skimunum og lestrarprófum sem lögð eru fyrir í hverri deild og mikilvægi stöðugrar þjálfunar í lestri á öllum stigum. Skólustjóri fór einnig yfir skipulag samfellunnar á yngsta stiginu og nemendur á unglíngastigi kynntu sjálfir áherslur aðalnámskrár.

Kennarar unnu áfram að kennsluáætlunum, hæfni og viðmiðum í samræmi við áherslur aðalnámskrár og í samstarfi við Krístrúnu Lind Birgisdóttur ráðgjafa og fræðslustjóra. Einnig var áfram unnið að starfsáætlun og endurskoðun skólanámskrár.

Skólustjóri sat ýmsa fundi að venju svo sem fundi vegna samfellunnar, fund forstöðumanna í Strandabyggð, fund nemendaverndarráðs og forvarnarteymis auk teymisfunda og annarra funda í skólanum.

Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir

september

Mánuðurinn hefur að mestu leiti farið í vinnu við fjárhagsáætlun og bókhald fyrir utan venjubundin störf eins og innheimtu og laun. Fundir hafa verið haldnir varðandi vinnu við fjárhagsáætlun í nokkrum málaflokkum og aðeins eftir einn fundadagur í október og síðan vinnufundir með sveitarstjórn. Ég sæki fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna 5. og 6. október og fer síðan á námskeið í DK bókhaldskerfinu 9.-10. október. 2. október byrjaði Brynja Guðlaugsdóttir á skrifstofunni hjá okkur og er sannarlega kærkomin viðbót.

Félagsheimili

Húsið hefur verið vel nýtt allan september. Frá skólabyrjun hefur Samfelldur skóladagur og Frístund verið tímabundið í sal og anddyri og einnig hefur húsið verið í útleigu allar helgar í september.

Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

4. september var fundur Barnaverndarnefndar á Borðeyri.

6. september sótti félagsmálastjóri fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur um einelti.

11. september var fundur BS Vest á Ísafirði

Nú er verið að færa sérstakan húsnæðisstuðning alfarið yfir til sveitarfélaganna og kom í ljós að þurfti að endurskoða reglurnar. Talsverður tími fór í það í mánuðinum og 26. Var haldinn fundur í Velferðarnefnd þar sem samþykkt var að breyta reglunum og fyrstu málin voru afgreidd.

Breytingar eru á starfsmönnum í heimaþjónustu og hafa nýir starfsmenn verið ráðnir bæði hjá Reykhólhreppi og Strandabyggð. Alltaf er tímafrekt að finna nýtt starfsfólk og gerist það oftast með því að hringja og leita eftir starfsfólki. Einnig er verið að ráða inn nýja aðila í liðveislu með fötluðum í héraðinu.

Tvö börn hafa greinst með fötlun á svæðinu, annað í Strandabyggð og er alltaf nokkur vinnuá kringum það, samskipti við foreldra og Greiningarstöð.

Þann 27. Sept hélt félagsmálastjóri utan um fund forvarnarteymis í Strandabyggð, tók við af tómsfundafulltrúa að sinna því.

Fjárhagsáætlun hefur verið undirbúin í þessum mánuði.

Frá leikskólastóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Núna um miðjan september flutti yngri deild leikskólans inn í viðbyggingu. Eftir á að setja upp fellihurð þar inni og fá skiptiborð annars er allt tilbúið. Starfsfólk var lengur einn daginn og setti saman húsbúnað fyrir viðbygginguna.

Brynja Rós Guðlaugsdóttir er hætt hjá okkur og fer að vinna á skrifstofu Strandabyggðar, þökkum við henni kærlega fyrir gott samstarf.

Ísak Leví Þrastarson byrjaði að vinna hjá okkur í lok ágúst og er hann á yngri deild leikskólans.

Ásbjörn Nói Jónsson er byrjaður hjá okkur og verður í afleysingum.

Leikskólastjóri hefur verið að setja inn upplýsingar og uppfæra heimasíðu leikskólans einnig klárað starfsáætlun leikskólans.

Þróunarverkefni leikskólans „Málörvun og læsi, - færni til framtíðar-“, er lokið og var haldin uppskeruhátíð vegna þess á Laugarbakka, leikskólastarfsfólk sá sér ekki fært að fara og sendi kveðju á samkomuna. Skýrsla verkefnisins (Handbókin) verður aðgengileg á heimasíðu leikskólans, foreldrum og öðrum til fræðslu og kynningar á læsi og málörvun leikskólans.

Við erum mjög stolt af þessu verkefni og ánægð með hversu vel hefur gengið að koma því fyrir í dagskipulagi og starfi leikskólans.

Framundan er vinna við verkefnið Vinátta, frá Barnaheill, en það er forvarnarverkefni gegn einelti.

Ég læt af störfum sem leikskólastjóri núna um mánaðarmótin sept. –okt. og vil því þakka fyrir samvinnuna.

Takk fyrir mig.

Kveðja

Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

Leikskólastjóri Lækjarbrekku
